

Skipulagsstofnun
b.t. Jóns Smára Jónssonar
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202203-186/A.Þ.
09.08.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matskyldufyrirspurn - uppbygging ferðapjónustu – Leynir 2 og 3

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 11. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Landeigandi að Leyni 2 og 3 í Rangárþingi ytra (hér eftir nefndur framkvæmdaraðili) áformar uppbyggingu ferðapjónustu á jörðinni. Hyggst hann koma á fót gisti- og veitingarekstri. Fyrirhuguð er bygging 45 gestahúsa, 800 m² móttöku- og veitingahús og efling tjaldsvæðisins. Gestahúsin verða á bilinu 20 – 30 m². Þjónustuhús fyrir tjaldsvæði verður allt að 200 m². Heildarbyggingarmagn á svæðinu verður 4.935 m² og gert er ráð fyrir 180 gestum í gestahúsum auk gestum í smáhýsum og á tjaldsvæði, samtals 240 gestum.

Í kafla 2.3.2 kemur fram að gert er ráð fyrir 85 bílastæðum og 11 rútustæðum. Umhverfisstofnun bendir á að í töflu 2 segir hins vegar að bílastæði verði fyrir allt að 120 bíla. Vatnsnotkun er áætluð um 0,45 l/s m.v. eðlilega nýtingu gistihúsa. Skólpmengunarálag við fulla nýtingu verður 280 persónueiningar.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn um verkefnið þann 20. febrúar 2020.¹

Gróðurfar og dýralíf

Svæðið hefur að stærstum hluta verið ræktað og nýtt til landbúnaðar og er svæðið, sem hér um ræðir, skilgreint sem tún og akurlendi skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands. Umhverfisstofnun telur umhverfisáhrif á gróðurfar og dýralíf vera óveruleg.

Grunnvatn og fráveita

Í greinargerð kemur fram að Leynir 2-3 er innan fjarsvæðis vatnsverndar og á framkvæmdasvæðinu er gerð krafa um tveggja þrepa hreinsun skólps. Einnig kemur fram að grunnvatn í Landsveit sé fremur viðkvæmt fyrir mengun en það stafar af því hversu

¹ https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%c3%a1_umhverfis%c3%a1hrifum_-_Matsskyldufyrirspurn_-_verslunar_-_og_%c3%bej%c3%b3nustusv%c3%a6%c3%b0i_Leynir_2_og_3.pdf

lek hraunin eru, hversu hátt grunnvatnsborðið stendur í þeim og hversu greiður grunnvatnsstraumurinn er. Mengunarhætta stafar af skólpmengun frá byggð, áburðarmengun frá landbúnaði og skógrækt sem og olíumengun frá umferð. Haustið 2021 var gerð jarðkönnun á svæðinu, s.s. á þykkt jarðvegs, þykkt lífræns jarðvegs og grunnvatnsstöðu, til að meta virkni fráveitulausna.

Í greinargerð kemur fram að skólpi verði hreinsað með verksmiðjuframleiddum hreinsivirkjum og siturbeðum. Áætlað er að notast við þrjú til fjögur hreinsivirki en endanlegur fjöldi og hönnun liggur ekki fyrir. Enn fremur segir að við hönnun hreinsivirkis þurfi að rannsaka raunlekt í jarðvegi á svæðinu og meta út frá því flatarmál siturbeða. Lektarpróf verður framkvæmt í tengslum við hönnun, þ.e. á seinni stigum.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um grunnvatn og fráveitu og telur umhverfisáhrif óveruleg ef staðið verður að fráveitumálum líkt og lýst er í tilkynningarskýrslu.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdasvæðið liggur ofan á nútímahrauni, Þjórsárhrauni sem er 8.600 ára gamalt, og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Haustið 2021 voru jarðvegsaðstæður á svæðinu kannaðar. Þykkt lausra jarðlaga ofan á föstum botni er að meðaltali 4,3 m. Sendinn lífrænn jarðvegur liggur ofan á hrauninu eða þéttri sandsteinsklöpp. Í 3. kafla greinargerðar kemur fram að ekki er talið að að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa neikvæð áhrif á hraunið á þessu svæði umfram það sem orðið er vegna bygginga og ræktunar. Umhverfisstofnun tekur undir það að áhrif framkvæmdarinnar á hraunið verði óveruleg. Stofnunin telur að hraunið á framkvæmdasvæðinu hafi tapað verndargildi sínu þar sem jarðvegshulan er þykk og erfitt er að greina að um hraun sé að ræða en samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkast svæðið sem *tún og akurlendi*.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin eins og henni er lýst í tilkynningarskýrslu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur